

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 33/1969. **Sigurgeir Sigurjónsson**
f. h. Steinige & Weilig
 gegn
Páli Pálmasyni
f. h. The Coca-Cola Company.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Trygging fyrir málskostnaði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1, g, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1969, er barst dóminum 21. s. m., og krafizt lækkunar tryggingarfjárhæðar samkvæmt hinum kærða úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurgeir Sigurjónsson f. h. Steinige & Weilig, greiði varnaraðilja, Páli Pálmasyni f. h. The Coca-Cola Company, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. janúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Steinige & Weilig, iðjurekstur og verzlun, Hamburg-Hamburg, Seehavenstrasse 17, Þýzkalandi, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, sem er með ódagsettri uppáskrift um birtingu, gegn Páli Pálma-

syni lögfræðingi, Þingholtsstræti 29, Reykjavík, f. h. The Coca-Cola Company, iðjurekstur, 515 Madison Avenue, New York, N. Y., U. S. A.

Málavöxtum lýsir stefnandi á þá leið, að hinn 10. júní 1965 hafi firmað Steinige & Weilig tilkynnt til skráningar hér á landi vörumerkið „Frisco“, sem síðan hafi verið skráð hér þann 29. desember 1965 sem nr. 265/1965. Vörumerki þetta hafi verið skráð fyrir ávaxtafreyðivín, ölkelduvatn, óáfenga drykki, aldinlög og óáfenga ávaxtadrykki (sjá B-deild Stjórnartíðinda 1965, bls. 654).

Þann 12. desember 1966 hafi The Coca-Cola Company tilkynnt annað vörumerki til skráningar á Íslandi, þ. e. vörumerkið „Fresca“, sem síðan hafi verið skráð þann 20. nóvember 1967 sem nr. 246/1967. Þetta vörumerki hafi verið skráð fyrir melt-ingarbætandi gosdrykki með ávaxtabragði.

Svo sem nú hafi verið lýst, taki vörumerkið „Fresca“ nr. 246/1967 til sams konar vara og vörumerkið „Frisco“ og séu þessi tvö vörumerki svo lík, að villast megir á. Skráning hins síðara vörumerkis, „Fresca“, brjóti því í bága við vörumerki stefnanda nr. 265/1965, „Frisco“, sbr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 47/1968, 6. lið. Skráning þessa merkis brjóti einnig gegn ákvæðum laga nr. 102/1961 um staðfestingu á Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sjá einkum 6. gr. Þá brjóti hin margnefnda skráning gegn ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, sjá einkum 9. gr., 2. mgr.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá framangreint vörumerki „Fresca“ nr. 246/1967 úr íslenzku vörumerkjaskránni svo og að stefnda verði dæmt óheimilt að nota vörumerki þetta og bjóða til sölu þær vörur, sem merkið er skráð fyrir hér með merkinu „Fresca“. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Mál þetta var þingfest 10. janúar s.l., og var þá bókað af hálfu umboðsmanns stefnda, að hann gerði þá kröfu, sbr. lög nr. 85/1936, 183. gr., að stefnandi setji kr. 50.000.00 sem tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sem stefndi, The Coca-Cola Company, kunni að hafa vegna málsins. Óskaði umboðsmaður stefnda úrskurðar réttarins um kröfuna og upphæðina.

Í dag var mál þetta tekið fyrir að tilhlutan dómsins til þess að gefa lögmonnum aðilja kost á að tjá sig um þessa kröfu umboðsmanns stefnda, og fór fram munnlegur málflutningur um

þetta atriði. Lögmaður stefnda ítrekaði kröfu sína og rökstuddi. Lögmaður stefnanda mótmælti ekki kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu, en mótmælti framkominni kröfu sem of hárti og óskaði eftir því, að fjárhæðin yrði lækkuð. Rökstuddi lögmaðurinn kröfu sína og lagði atriðið í úrskurð dómsins.

Pegar lítið er á fyrirmæli 183. gr. laga nr. 85/1936, þá eru þau svo skýlaus, að taka verður kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu til greina, enda hefur kröfunni sem slíkri ekki verið mótmælt, heldur einungis fjárhæð tryggingarinnar. Ekki verður fallið á það með lögmanni stefnanda, að krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 sé of há, og verður krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 tekin til greina, og ber lögmanni stefnanda að setja hana fyrir 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir að nýju á reglulegu dómþingi.

Úrskurð þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, og meðdómendurnir Jóhann J. Ólafsson kaupmaður og Gaukur Jörundsson lektor.

Úrskurðarorð:

Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Steinige & Weilig setji Páli Pálmasynti lögfræðingi f. h. The Coca-Cola Company kr. 50.000.00 tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir hinn 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Miðvikudaginn 5. marz 1969.

Nr. 105/1968. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Erlingi h/f (Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Eliasson og